

MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR

Setið í kjöltunni

Um myndabækur sem bókmenntaform, greiningu
þeirra og sérstöðu íslenskra myndabóka

Myndskreyttar bækur fyrir börn

Bækur fyrir börn eru gífurlega mikilvægar. Þær kennu þeim ýmislegt um lífð og tilveruna, efla málþroska og síðast en ekki sist koma þær börnum „á bragðið“, p.e. venja þau við bóklestur. Ef börn læra ekki strax í æsku að umgangast bækur og leyfa þeim að opna fyrir sér töfráheim er ólíklegt að þau verði bókelsk síðar á lífslejðinni. Þær bækur sem börn fá í hendur á fyristu árum ævinnar eru nú til dags ríkulega skreyttar myndum. Þeim má gróflega skipta í fjóra flokka¹:

1. Bendibækur eru fyrir yngstu börnin. Þær eru án söguþráðar og stundum einnig án orða.
2. Myndabækur sem segja sögu, með eða án texta.

3. Ríkulega myndskreyttur texti, sem kemst illa eða ekki af án mynda. Myndirnar nægja ekki einar sér til að segja sögu. Textinn þarf þó ekki að vera langur.

Í bókum fyrir eldri börn fækkar myndunum, en hlutverk peitra er örðu fremur að halda athygli lesandans.

Um miðbik aldarinnar skipti danskri bókmenntafræðingurinn Jens

Sigsgaard myndskreyttum barnabókum í tvo flokka eftir því hvernig þær eru lesnar. Fyrra flokkinn kallaði hann „setið í kjöltunni“ bækur og á við bækur sem fullorðnir lesa fyrir börn. „Legið á maganum“ bækur lesa börnin hins vegar sjálf. Flokkar 1, 2 og 3 eru allt saman „setið í kjöltunni“ bækur en flestar bækur fjórða floks eru „legið á maganum“ bækur. Börn á Íslandi læra sjaldnast að lesa fyrir en sex ára gömul og eru yfirleitt ekki orðin læs fyrir en enn síðar. Fram að þeim aldri er lesið upphátt fyrir þau. Hér mun ég einkum gera grein fyrir „setið í kjöltunni“ bókum, sem fullorðnum er ætlað að lesa fyrir ólæs börn.²

Hvað er myndabók?

Myndabókin er skilgetið aðkvæmi myndskreytrra barnabóka síðustu aldar. Hún er ný bókmenntagrein og hefur aðallega þróast á síðustu áratugum samhlíða framförum í prenttaekni. Barnabækur fá lánað úr öllum tegundum bókmenna, en myndabókiner í raun eina bókmennatiformið sem hefur algerlega þróast innan barnabókanna. Myndabókin er sí grein sem barnabækur hafa bætt við bókmennataflóruna.

Margir álita að bækur fyrir yngstu börnin séu í eðli sínu einfaldasta form allra bókmenna, vegna þess hve texti þeirra er oft stuttur og einfaldur. Sú fullyrðing á eft til vill við rök að styðjast ef aðeins er átt við bendibækumar. Hinar eiginlegu myndabækur, p.e. bækur í öðrum og þriðja flokki, eru þó langt frá því að vera einfaldar. Það er vegna þess að góðar bækur, gerðar fyrir ólæs börn, hafa two innhyggða lesendur, himm fullorðna sem les og barnið sem lesið er fyrir. Þær spengja því ramma barnabókmenna og á þann hátt tengjast góðar myndabækur fullorðinsbókmennum.³ Bækur sem tala aðeins til barnsins þykja full-

1 Að sjálfsögðu geta læs börn lesið myndabækur sjálf og haft gaman af og eins geta fordrar lesið myndskreyttar sögur fyrir börn sín. Hér verður hins vegar einkum tekio til til innbyggða lesandans, p.e. fyrir hvern verkid er í raun og veru skrifð.

2 Hér eftir verður fyllt um bækur í flokkum tvö og þrijú sem myndabækur. Þar sem myndabækur hafa sjaldnast blaðstíðut til verður vísad fópnur til hæðarauka, nema blaðsíðut til fyrsta opna er sú á eftir titilsíðu, p.e. opnan sem sagan sjálf hefst á.

3 Á þetta bendir Geoff Moss í greininni „Metafiction, Illustration, and the Poetics of Children’s Literature“ i *Literature for Children, Contemporary Criticism* (rits.j. Peter Hunt).

1 Þessa skiptingu hef ég úr *Íslenskum barnabókum 1780-1979* eftir Sílu Áðalsteinsdóttur. Hún tekur skiptinguna úr greininni „Smábørnsbogen“ eftir Torben Gregersen úr ritinu *Børne- og ungdomsbøger*.

orðnum lejðinlegar og forðast því, ómeðvitað ef ekki meðvitað, að lesa þær fyrir börn. Þær eru því dæmdar til að verða aðeins skoðaðar en ekki lesnar, nema þá í örfa skipti. Söguefní og boðskapur verksins ætti að miðast við börn, en ýmsar vísanir, tilvitnanir í önnur verk og annað sem gefur myndabókum aukið bókmennalegt gildi, má miðast við fullorðnalesendur. Höfundar myndabóka eru þó óðru fremur að skrifa fyrir börn þó hluti efnisins höfði einnig eða fremur til fullorðinna. Tvöfaldni hins innbyggða lesanda í myndabókum er einkum af tvemnum toga. Annars vegar eru höfundar sem eru meðvitaðir um það sem þeir eru að verk beirra þurfí að höfða til ólíkra lesenda, þó barrið sé ávallt í fyrirumi. Hins vegar eru höfundar sem halda að peir séu að skrifa fyrir bönn en eru í raun að skrifa fyrir sjálfa sig. Bækur þeira eru oft margslungin bókmennatverk og þarf rannsóknarefni, en þeim hættir til að missa sjónar á barninu sem þó að vera miðdepill at-hyglinnar. Myndabókin má aldrei koma aftan að barninu, gera lítið úr því og bregðast trausti þess.

Myndabækur eru ávallt tvíradda og stundum margradda. Texti verksins er ein rödd og myndirnar önnur. Myndin getur aldrei fylgt textanum algerlega eftir og á heldur ekki að gera það, því hún sýnir að eins eitt augrablik frásagnarinnar. Þó verður að gæta þess vel að fullt samræmi sé á milli mynda og texta. Hvít rún í texta má ekki vera grænt á mynd eins og gerist í *Rúminu hans Árna* eftir Bubba Morthens og Tolla bróður hans.¹ Hvor rödd um sig er eins og laglína í tónverki. Hvor um sig spilar sitt lag, en á vissum stöðum í verkinu mætast þær í kontrapunkti.² Bestu myndabókahöfundar skilja að í myndabókum eru í raun tvær frásagnir, önnur í orðum, hin í myndum og hvora um sig má nota til þess að styrkja kontrapunktana, skapa væntingar lesenda og virkja hina frásögmina enn frekar. Samleikur mynda og texta og þau tækifæri til tjáningar sem hann skapar er að mati Phillip Pullman³ sírkostlegasta uppgötvun tuttugustu aldarinnar í frásagnar-

tækni, vegna þess að kontrapunkturinn brýtur upp það einstefnuflæði sem öll önnur frásögн byggist á. Textinn eingöngu getur aldrei sagt frá fleiru en einu atriði í einu. Ef eitthvað á að gerast samtímis verður höfundur textans að gera það upp við sig frá hveju hann segir fyrst. Ef við hugsum okkur strák sem klappar hundi geta bæði strákurinn og hundurinn fundið til ánægju samtímis og strákurinn brosir en hundurinn dillar rófunni.¹ Þetta samspli stráksins og hundsins er auðvelt að sýna á mynd, en í texta er nær ómögulegt að sýna fram á heild arviksins. Það verður að atburðarás en ekki einu augnablikki. Myndabókin býður upp á annars konar frásogn. Það er hægt að skoða myndirnar fyrst og lesa textann svo eða öfugt. Það er misjafnt hvernig hver og einn skoðar og „les“ hverja opnu. Listfengi myndabókarinnar byggist annars vegar á samspli þessara miðla og hins vegar á leik barnsins eða annarra lesenda með þá.

Því miður er algengara að myndir í myndabókum séu fremur takmarkandi en að þær virkki frásögн textans. Myndskreytingar byggjast oft á steingeldum hugmyndum og einfaldri túlkun myndlistarmannsins. Auðvitað er túlkun þess sem gerir myndirnar óhjákvæmileg, en listfengi bókarinnar byggist að hún sé frumleg. Ef höfundur mynda leggur ekkert frá eigin bijósti í verkið, er textinn oft betur settur einn og sér en með myndum. Þetta má sjá í mörgum endurútgáfum á ævintýr-sjónathorni við ævintýrið. Myndskreytandinn má ekki vera hræddur við að bæta við frásögningina frá eigin bjósti. Myndabókin á ekki að vera samansætt af fallegum myndum, heldur tjáningarmiðili. Einföldu myndabækurnar standa ekki undir nafni því þær sniðgang a möguleikann á flóknu samspli mynda og texta. Þá segir textinn einn söguna, en myndirnar eru bara til skrauts.

Myndabækur tala ekki einungis til tveggja ólíkra lesenda í tveimur ólíkum miðum, heldur á ólíka vegu eftir aldri og proska þeirra sem íslenskra myndabókóra⁴. Sögupráður myndabóka er yfirleitt einfaldur og viðræðan-uppliffr þær. Sögupráður myndabókum er upprunnið úr tonlistarheiminum. Það að tengja saman sjálfstæðar laglínur samkvæmt tilteknunum reglum um samhljóum kallast kontrapunktur.

1 Nánari umfjöllun um *Rúmið hans Árna* er að finna í greininni „Yfirlit yfir útgáfu íslenskra myndabókóra“.

2 Hugrakið kontrapunktur (e. counterpoint) er upprunnið úr tonlistarheiminum. Það að tengja saman sjálfstæðar laglínur samkvæmt tilteknunum reglum um samhljóum kallast kontrapunktur.

3 Sjá: Pullman, Philip, 1989. „Invisible pictures“. *Signal* 60 (sept. 1989), 171.

Margréti E. Laxness er sérstök saga í myndum Margrétar um mýs sem búa í næstu holu við kattarkaníuma og mýs hafa einnig hlutverk í myndum *Skilaboðaskýrðumnar* eftir Þorvald Þorsteinsson.

Að lesa saman

Eins og Uri Shulevitz bender á í grein sínni „What is a Picture Book?“ er lestar myndabóka leikræn reynsla fyrir börnin. Barnið les textann ekki sjálf, það er sá fullorðni sem les. Barnið horfir á myndirnar og heyrir textann. Textinn seigir oft ekki fulla sögu, heldur rekur hann atburðarás sem tengir myndirnar saman í eina heild. Munurinn á mynd og frásögn liggur í því að myndin frystir ákvæðið augnablík verksins, þ.e. kontrapunkt, og gefur honum aukið vægi en frásögnum remur stöðugt áfram. Ólikti teiknimyndum og sjónvarpsefni sem myndabókin er í samkeppni við, matar hún ekki lesendur sína. Það kvíknar ekki á frásögnumini nema sá fullorðni lesi og barnið hlusti. Þannig krefst hún virkni af öllum þáttakendum.

Upplesturinn skiptir miklu mál vegna þess að bönnin eru sjálf að læra að tala og hafa bæði gagn og gaman af að heyra ritmál sem er öðruvísi en talmál, sérstaklega það talmál sem fullorðnir nota oft á tíðum þegar þeir tala við ung börn, sem er einfaldara en tungumálið sem beir tala sín á milli. Textamyndabókla leyfist að vera flóknari en talmál, því myndirnar bæta það upp sem barnið skilur ekki í fyrrstu. Þar að auki hafa flest börn gaman af löngum og skrytnum orðum. Börn sem mikið er lesið fyrir hafa betri þekkingu á ritmáli og tilfinningu fyrir byggingu frásagna en jafnaldrar þeirra sem ekki er lesið fyrir.

Engir tvær fullorðnir lesa sömu bókina á nákvæmlega sama hátt. Sumir eru í góðri æfingu og beita leikrænum tilprifum við lesturinn, en aðrir lesa alla texta eins. Margar bækur tæla himm fullorðna til meiri þátttöku sem gerir verkið enn leikrænna. Dyrabjallan í *Rúminu hans Áma* eftir Bubba Mortens hringir til dæmis ekki, heldur seigir hún „ding dong ding dong“, sjá 8. opnu. Slikur texti krefst þess að himm fullorðni leiki textann fremur en lesi. Samtöl, sem einnig eru algeng í myndabókum, gera sömu kröfu. Oft hefur texti myndabóka góða hrynjandi eins og *Rauðameðdi risim* eftir Áslaugu Jónsdóttur eða er að hluta til eða allur í bundnu málí eins og *Sagan af húfumni sínu* eftir

Sjón og Halldór Baldursson. Í þáðum verkunum er einnig mikið um endurteckningar og þá nálgast myndabókin pular og annan kveðskap alls ekki svo fráleit því hinum fullorðna er í lófa lagið að breyta textanum, bæta við hann frá eigin brjósti, eða sleppa því sem honum þykir ekki hæfa. Foreldrar þekkja börn sín betur en flestir aðrir, þarfir þeirra og áhugamál, og geta lagð frásögnina að aldri þeira og þroska. Mjög ungt barn hefur ef til vill ekki þolinmæði til að hlusta á langan texta eða þroska til þess að skilja ákvæðin atriði hans og því endursörgja foreldrar og aðrir sem lesa fyrir bönn ofti hlura verks eða það allt. Leikskólkennar sem lesa fyrir bönn ofti segjast margir, og þá sérstaklega þeir sem hafa arar sem ég hef rætt við segjast margir, og þá endursörgja meira en lesa.¹ Stundum eru foreldrar langan starfsaldur, endursörgja sumra verka og geta þá „ritskoðað“ það ósáttir við hugmyndafræði sumra verka og geta þá með því að sleppa ákvæðnum setningum. Kona ein var ekki sátt við atmeð í *Lilila skógarbirnum* þar sem segir að stórar og þroskaðar konur riði í *Lilila skógarbirnum* þar sem segir að verkið fyrir geti verið skeinuhættar og sleppti hemi alittaf þegar hún las verkið fyrir dóttur sína, án þess að það bitnaði á verkinu í heild. Slíkar breytingar eru að sjálfssöðu alltaf háðar því að þær stangist ekki á við myndirnar. Myndabækur, ásamt þjóðsögum og ævintýrum, þulum og vísum, eru þær bökmenntir sem henta ungum bönum best. Það er ekki síst nærværa himna fullorðnu og það nána samband sem skapast milli þess sem eða segir sögu og bannsins sem hlustar sem gefur þessum bokmennum aukið vægi. Myndbönd, sama hversu góð og vel gerð þau eru, ná aldrei að brúa bil kynslóðanna á pennan hátt.

Form myndabókarinnar er orðið nokkuð fastmótað. Allt útlit bókarinnar á að mynda eina heild og öllum þáttum hönnunarmannar þarf að gefa gaum. Höfundar myndabóka eiga að vera meðvitaðir um að textinn er aðeins hluti verksins. Sumt þarf ekki að segja með orðum, vegna þess að listamaðurinn, sem er reyndar oft sá sami og skrifar textann, mun sýna það í myndum sínum. Tungumálið á að myndast af staðreynd að það eru myndir í verkinu og myndirnar eiga að mótaðast af textanum. Tungumálið og myndirnar eiga að leika saman eins og tvær laglínur í sama tónverkinu. Samhæfing mynda og texta leiðir af sér það helgast þó ekki síður af þeiri staðreynd að framan af var útgáfa goðra myndabóka á íslensku fremur bágþorin og keypu því leikskólar myndabækur á erlendum málum, einkum dönsku, sem leikskólkennar endursögdum fyrir börnin.

¹ Það helgast þó ekki síður af þeiri staðreynd að framan af var útgáfa goðra myndabóka á íslensku fremur bágþorin og keypu því leikskólar myndabækur á erlendum málum, einkum dönsku.

virkari tjáningu, því það að tjá sig í mynd og texta af aga og færni er begar best lætur mun virkara en ef annað formið er notað eingöngu. Pessi virka tjáning er sérstaklega mikilvæg þegar börn eiga í hutt því þau eru móttækileg fyrir slíku en skortir oft polinnæði til að hlýða á langan texta. Vegna þess hve texti myndabókarinnar er stuttur er mikilvægt að hann sé góður og vandaður. Góð frásögn hefur oft í sér sterka hrynjandi og er ljóðræn. Nútíma höfundar mættu taka aldamórtakonuna Beatrix Potter, höfund bókanna um Pétur kanínu, séti til fyrrmyndar, en hún sótti tungutak sitt meðal annars í Bibliúna.

Kápa

Kápa og titill myndabókar eru best til þess fallin að vekja athygli á verkinu, því þau sjáum við fyrst. Hér áður fyrir þótti fullnægjandi að kápan gæfi einhverja hugmynd um efnin verksins eða fyrir hverja það var skrifaað. Oft var valin falleg mynd úr bókinni sjálfri og sett á kápu og var sama myndin ósjaldan líka á titilsíðu. Í *Sigrún fer á sjúkrahús* eftir Njörð P. Njarðvík og Sigrún Eldjárn prýðir sama myndin kápu, titilsíðu og bls. 5. Hún er þó fílit á kápunnini en svart/hvit annars staðar. Nú er hlutverk kápu, sem og saurblaða, titils og titilsíðu, orðið annað og meira. Með aukinni áherslu á heldarhönnun hafa þessir þættir, sem þó eru ekki beinn hluti af sögumini sjálfri, orðið að tjáningarmiðlum í stað þess að vera aðeins skraut. Kápan er þáttur í persónusköpun og gefur, ásamt titili verksins, tóninn um efnin bókarinnar. Það trúkaðast ekki lengur að nota mynd úr bókinni þó að sú hefð hafi ekki lagst alveg af.

Kápur á nýjustu myndabókum eru í meginindrattum tvennis konar. Fyrri gerðin er þannig að kápan sýnir eina mynd ef hún er opnuð og skoðuð í heild. Slíkar kápur eiga ef til vill betur við ef efnin verksins er létrvægt og fjölegt. Kápan á *Fjöllleikasýningu Ástu* eftir Áslaugu Jónsdóttur, sem er fյorleg og skemmtileg frásögn úr afmælisboði, sýnir Ástu innan um öll leikföngin sín eins og kóng í riki sínu. Hún er í allt of stórum háhæluðum skóm og með hatt sem er svo stor að ham hyfur hálft andlit hennar. Myndin gefur okkur ágæta hugmynd um það hvers konar krakki Ásta er og þar með er tilganginum náð.

Þegar efnin myndabóka er alvarlegra eins og í áðurnefndri bók, *Sigrún fer á sjúkrahús*, er gjarna mynd af aðalpersónu verksins í vanda straddri

framan á kápunnini, en önnur mynd aftan á bókinni þar sem sama persóna er gloð og ánægð. Stundum er myndin aftan á kápu af því sem leysir vandann í sögumini. Slíkar kápur gefa vísbendingu um að tekist verði á við vandann og sigur vinnist. Þegar efnin myndabókar er þungt og alvarlegt er gott fyrir lítil börn að hafa von um að allt endi vel að lokum. Í *Sigrún fer á sjúkrahús* sýnir forsíðumyndin okkur Sigrúnna, en aftan á kápunnini er lítil mynd af henni þar sem hún er kát og frísk. Framan á kápu *Skilaboðaskjóðunnar* eftir Þorvald Þorsteinsonn má sjá að alpersónur verksins í ævintýraskóginum með ógvnvaldana í bakgrunni, náttúrlíð ógúrlega og eldspúandi dreka. Aftan á kápunnini er hins vegar mynd af skilaboðaskjóðunni sjálfri, en það er með hýalp hennar sem vandi sögunnar leysist. Framan á *Snaeljónum* eftir Ólaf Gunnarsson og Brian Pilkington er mynd af ljóninu á annarlegum og köldum stað og því virðist líða mjög illa. Aftan á kápunnini er hins vegar mynd af því í sínu náttúrulega umhverfi og í góðra vina hópi. Af því mætti ætla að vandi ljónsins felist í því að vera í þessu kuldalega og framandi umhverfi og hann leysist í sögulok þegar ljónið kemst aftur heim til sín og hittir fjölskyldu sína. Það kemur því lesendum mjög á óvart að svo er ekki. Ljónið fer frá Afríku til Norðurþólsins og sess þar að. Lesendur eiga afar bágtn með að sannfærast um ágæti þeirra búferlaflutninga, sérstaklega þar sem myndimur á kápunnini vinna gegn atburðarásmi. Þess má geta að báðar myndimur eru teknar úr bókinni.

Saurblöð og titilsíður

Það fyrsta sem lesendur sjá þegar þeir opna bók eru saurblöðin. Allt of oft eru þau auð í íslenskum myndabókum.¹ Sama á við um titilsíður. Oft geyma þær aðeins naðn bókarinnar með svörtu letri, letri sem bönnin sem verkið er skrifaað fyrir geta ekki lesið sjálf. Auð saurblöð og titilsíður geta haft ákvæðna merkingu eða tilgang hliðstært við nafnlaust ljóð sem skáld kþys meðvitað að gefa ekki heiti, en þau eiga ekki að vera auð vegna þess að teiknarannum datt ekkert í hug þann daginn, eða skreytt mynstri sem ekki er í neinum tengslum við aðra þætti verksins.

¹ Það eru meira að segja til íslenskar myndabækur sem hafa hvorki saurblöð né titilsíður, svo sem *Litli skógarþjörninn* eftir Illuga Jökulsson og Gunnar Karlsson.

Stundum eru saurblöðin ómyndskreytten höfð í einhvverjum ákveðnum til sem tengist efni verksins. Rauð saurblöð ættu ágætlega við í verki sem fjöllar um reiði, ást eða aðrar heitar tilfiningar og gul saurblöð undirstríka hugblæ sögu sem gerist á sólríkum sumardegi. Leturgerð má heldur ekki ráðast af handahófi, sérstaklega ekki á titli bókar. Samræmis verður alls staðar að gæta.

Opnur

Oftast hefst myndabók á opnu. Barbara Bader hefur bent á það í verki sínu *American Picturebooks: From Noah's Ark to the Beast Within* að hverja opnu í myndabók þeri að líta á sem eina heild, jafnvel og ekki síst þó að á henni séu fleiri en ein mynd. Hver opna er opinberun á heimi myndabókarinnar, um leið og hún lokar á fyrrí opnur og felur þær næstu. Þetta ferli kallar hún „the drama of turning the page“.¹ Í Bandaríkjum og viðar hefur skapast hefð fyrir því að myndabækur endi ekki á opnu heldur vinstri síðan og hægri síðan er þá höfð anð. Það gefur lesendum góða tilfiningu fyrir sögulokum. Stundum hentar það þó ekki verksins. *Drekinn með rauðu augun* eftir Astrid Lindgren og Ilon Wikland endar á sorg að alþersonunnar eftir að dreki bermsku hennar, og þar með tími ævintýra og æsku, er floginn á brott. Söguhetjan liggur grátandi á legubekk á lokaopnu verksins, hægra megin. Það má greinilega túlka sem öryggisleysi hennar, hún er að verða fullorðin en vill svo gjama halda áfram að vera barn. Litill bróðir sögumannsins er hins vegar enn barn og skælir ekki neitt, enda er hann öruggur í barnarúmi sínu, á vinstri síðu.

Mynd og texti

Til þess að töfrar myndabóka njóti sín þurfa myndirnar að hæfa lengd textans. Ef textinn er stuttur og einfaldur geta myndirnar einnig verið einfaldar, þó að flóknari myndir dragi yfirleitt ekki úr gildi verksins. Þó finnast dæmi um pað. *Raunamæddi risinn* eftir Áslaugu Jónsdóttur hefur bæði stuttan texta og fremur einfaldar myndir. Ef myndirnar

væru flóknari tæki lengri tíma að skoða þær en lesa textann og við það myndi sterk hrynjandi textans ekki skila sér til fulls. Langur texti kallar hins vegar á flóknari myndir, því ef barnið er búið að skoða myndirnar á áður en búið er að lesa texta opnumnar, vill það skoða myndirnar á næstu opnu. Í *Skilaboðaskjóðunni* er textinn óvenju langur og ítarlegur af myndabók að vera, en það gengur upp par sem myndirnar eru einnig óvenju ítarlegar og fullar af smáatriðum sem tekur langan tíma að skoða. Það er þessi „fleittipör“ barnsins, þ.e. forvitni sem rekur það áfram í leit að framhaldi sögunnar, sem gerir það að verkum að erift verið að lesa myndskreyttar bækur (þ.e. bækur í fjórða flokk) fyrir lítil börn, því þau eru miklu fljótar að skoða myndirnar en hinn fullorðni að lesa textann fyrir þau. Jafnvel börn sem vön eru að hlusta á langar sögur í munilegri frásögn eiga stundum erftit með að stilla sig um að fá að kríkja á myndirnar á næstu opnu.

Frá táknumynd til tákniðs

Góð myndabók prófar „lesendur“ sína í sífelli. Hún spyr hvað við vitum um heiminn með vísumum, táknum og skírskotunum í menningu okkar, sögu, bókmennit og umhverfi. Það fer svo eftir proska og pekkingu þeirra sem „lesa“ hve mikil þeir skilia af þessum vísumum, en þó að þær fari að einhverju leyti fyrir ofan garð og neðan bitnar það ekki á sögunni sem slíkri. Sumar vísanir eru jafnvel eingöngu fyrir fullorðna, því þær eru svo flóknar að engin börn myndu skilja þær, jafnvel þótt þeim yrði bent séristaklega á þær. Kristsminnið í *Little skógarbirninum*¹ eftir Illuga Jókulsson og Gunnar Karlsson er ágætt dæmi um vísanir fyrir fullorðna.

Ríkulegar vísanir auka yfirleitt á bókmennalegt gildi verksins og gera það margræðara en ella. Ef til vill má segja að með vísumum í myndabókum hafni höfundar þeiri ríkjandi skoðun að bækur fyrir börn eigi að vera einfaldar. Börn taka oft eftir öðrum vísumum en fullorðnir. Pau veita smáatriðum í myndunum, til dæmis músasögumunum í *Skilaboðaskjóðunni* og *Kanínusögu*, meiri athygli en fullorðnir, því

¹ Setninguna fær hún lánaða frá Rény Charlip.

1 Nánari umfjöllun um *Little skógarbjörnum* er að finna í greininni „Yfirlit yfir útgáfuháskóla myndabóka“.

augu fullorðinna beinast öðru fremur að textanum sem þeir eru að lesa. Bönn sjá líka oft fleiri atriði í myndabókum en fullorðinir hví þau kom afordómalaus að verkinu og skoða myndirnar allar. Fyrir þeim eru allir þættir verksins jafnir, aukapersonur jafnt sem aðalpersónur, umgjörð verks jafnt sem innihald. Bönn geta til dæmis dundað sér lengi við að skoða myndir á saurblöðum sem fullorðin takar varla eftir. Hinir fullorðnu þykjast nefnilega vita hvað þeir eiga að sjá, svo sem aðalpersónurnar og atriði sem tengjast atburðarásinni þeim sest oft yfir smáatriðin og aukasögurnar sem falin eru hvarvetna í bakgrunnum.

Fullorðnum reynist oftast auðvelt að skilja merkingarauka myndabóka, svo fremi sem þeir gefa sér túma til að líta af textanum og á myndirnar. Bönn verða hins vegar að tileinka sér táknalesturnum. Þegar barn lærir að lesa í tákni, form og litanotkun er það að stíga fyrstu skrefin í lestri. Það lærir að tengja það sem það sér við merkingu, tengja táknum við táknið.¹ Úng börn eiga erfitt með að skilja óhlutbundin fyrirbæri, eins og slæð og sakleysi. Þau skilja þó vel muninn á refi og lambi. Með því að spytja þau út í myndirnar, spyrtja hvað hræðir þau, hvað veitir þeim öryggi o.s.frv. leiðum við þau að því markmiði að lesa myndirnar sem tákni. Hlutverk himna fullorðnu er að stuðla að betri og skilvirkari táknalestri barna og það er einkun gert með opnum spurningu sem hvetja þau til þess að hugsa um verkið í heild. Í greininni „Picture Books as Literature“ bendir Sonia Landers foreldrum og uppalandum einkum á tvær spurningar sem hafa reynst henni gagnlegar. Sú fyrr er „Hvað séðu?“ en síðari er „Hvað segir myndin okkur, en textinn ekki?“ Með því að fá bönnin til þess að „lesa“ myndirnar gerum við þau að lesendum áður en þau læra að lesa texta.

Í nútímapjöldelagi er gífurlegt flóð myndefinis. Hvarvetna eru myndar áreiti; auglysingar, kvíkmyndir og sjónvarpsefni sem er beinlínis framleitt til að hafa áhrif á og móta fólk. Ef við viljum ekki að bönnin okkar verði ofurseld sliktum áhrifum þurfa þau að læra að „lesa“ myndir. Þau þurfa að áttu sig á því að heimur myndanna er í langflestum tilfellum tilbúnum en ekki á neinn hátt náttúrlegur. Að því leyti er myndirnar skiptist í táknumynd og tákni mynd og tákni mynd.

¹ Tákni er í eðju sínu tvíþætt. Það skiptist í táknumynd og tákni mynd og tákni mynd. Táknumyndin er bítingarforn táknsins, en tákni mynd stendur fyrir merkinguna á bak við það. Tákni mynd er alltaf einstaklingsbundið og byggir á reynslu og forþekkingu þess sem „les“ tákni myndina.

alltaf folsk. Það er erfitt að „lesa“ kvíkmyndir og sjónvarpsefni vagna þess að áhorfendur geta ekki ráðið „lestrarhraðanum“ sjálfir. Kvíkmyndin æðir áfram og matar áhorfendur stöðugt á nýjum og nýjum myndskeiðum. Sá sem á horfir nær sjaldnast að meta og ihuga það sem hann sér aður en meira myndefni flæðir yfir að nýju. Listrænt gildi hann sér nægra að fylgia atburða-skópum fyrir áhorfendur og þeir láta sér nægra að fylgia atburðaskópum fyrir áhorfendur og þeir listrænt framsetning miðrásinni. Þegar hún er orðin aðalatriðið en ekki listrænt framsetning miðilsins verða kröfur áhorfenda um æsilegri atburðarás sifellt háværtari. Ef tú bílar eru í eltingaleik í einni mynd gera áhorfendur kröfu um firmissítan bíla eltingaleik í þeirri næstu. Þegar svo er komið er kvíkmyndin hætt að vera list og orðin neysluvara. Stór hluti sjónvarpsefnis sem framleitt er fyrir yngstu börnini upfyllir einungis lágmarkskröfur, þ.e. kröfuna um atburðarás og þar með afþreyingu.

Með því að kenna börmum að lesa í táknumál mynda má sporna við áhrifum myndraens áreitis. Að lesa skemmtilega og vel gerða myndabók er áhrifarík aðferð til að kenna forskólabörnum myndlestur því foreldri og börm ráða sjálf lestrarhraðanum og geta skoðað bókina eins oft og lengi og þau fýsir.

Að leysa vandann

Viðfangsefni myndabóka eru einkum tvíþætt. Annars vegar skemmtilegar frásagnar af mismerkilegum atburðum og hins vegar frásagnar sem hafa dýpri merkingu og æðri tilgang en skemmtanagildið eitt og sér. Líkt og gömlu ævintýrin reynir myndabókin oft að leysa úr ýmsum vanda barnsins. Samkvæmt salgreinandinum Bruno Bettelheim¹ geyma gömlu ævintýrin lausnir ýmissa sammannlegra vandamála. Bönn um allan heim, á öllum tínum, þurfa að takast á við sams konar vanda sem fylgir auknum þroska og sambýli við aðrar manneskjur. Afmeðal þeirra vandamála sem Bettelheim telur að ævintýrin túlk. Hann telur að í gömlu ævintýrunum megi síðan vandamál og lausnir

¹ Sjá nánar Bruno Bettelheim, *The Uses of Enchantment. The Meaning and Importance of Fairy Tales*, Penguin Books, London, 1991.

þeirra dulin í myndmálinu. Blóð Þymírósar megi líta á sem tíðabíld og svefn hennar sem biðina eftir maka sem hefst þegar hún verður fulltríða kona.

Ólft gömlu ævintýrunum felst djúpstæðasti vandi góðra myndabóka ekki í myndmáli textans heldur myndnum og samsplii mynda og texta. *Drekinn með rauðum augun* eftir Astrid Lindgren og Ilon Wikland fífallar á yfirborðinu um líttinn grænan dreka sem gyltan á bænum eignast og samskipti barnanna á bænum við hamn. Séu myndirnar hins vegar skoðaðar vel og settar í samhengi við textann má lesa aðra sögu undir niðri. Sögumaður er stálpuð stelpa sem líkt og Þymírós er að nálgagt henni og minna á þær skyldur sem hún verður fíjoflega að taka á sig sem fullorðinn einstaklingur. Í lok verksins verður hún að kveðja dreka bernsku sinnar, tákni barndómsins, og samtímis hætitur hún lestri ævintýra. Hún er því, líkt og Þymírós, að kveðja bernskuna og þá gleði og áhyggjuleysi sem henni fylgdi.

Bygging myndabóka

Bygging myndabóka er að ýmsu leyti lík byggingu gömlu ævintýranna. Heitja ævintýris býr, líkt og aðalpersóna myndabókarinnar, við ákveðið öryggi í byrjun, en svo er því raskað. Hún verður að glíma við vandann og vinna sigur. Að því loknu kenst hún aftur í höfin og lifir hamingjusöm til æviloða. Í myndabókunum er sigarinn þó sjaldnast eins afdráttarlaus og þvíraunsæri en í ævintýrunum. Þar er endurtekning á atburðarásinni, sem er svo einkennandi fyrir ævintýrin gömlu, frenur sjaldséð og er jafnvel sleppi í endurgerð ævintýranna. Á þessu eru þó undantekningar, eimig í nýjum ævintýrum eins og *Skilaboðaskýðunni*, sem nýta sér eldri sagnahefð. Í *Skilaboðaskýðunni* tekst ekki að opna hellri náttörlsins fyrir en í priðju tilraun, en hver tilraun hefur sín sérkenni. Í bókinni *Karlssonur, Lítill, Tríll og fuglarnir*, sem er endurgerð Ragnheiðar Gestsdóttur og Önnu Cynthiu Leplar á samnefndu íslensku ævintýri, er blaupið yfir sögu annars bróðurins af þremur, sem er næstum samhljóma sögu þess fyrsta. Hins vegar þarf karlssonur (þ.e. sá priðji) að leysa þjár brautir. Frá þeim öllum er sagt nákvæmlega. Endurtekningum er því einkum slept ef þær

eru einsleitar. Frásögn myndabókarinnar er einnig mun ítarlegri en munleg frásögn. Hún getur illa sýnt síðum atburði gerast aftur án þess að það verði leiðigjart.

Í myndabókum er hringnum oft lokað með heimilissenu og jafnvel rúmsenu eða faðm lagi við foreldri. Rúmið er jú einn öruggasti staður nútímbarna næst á eftir fangi foreldranna. Í *Blómunum á þakinu* eftir Ingibjorgu Sigurðardóttur og Brian Pilkington hest sagan á heimili Gunnjónu í sveitinni og lýkur þegar hún hefur náð að skapa sér heimili íborginni. Byrjun og endir í rúminu markar bæði skýra byrjun og skýr-an endi þar sem dagar flestra bæði byrja og enda á þeim stað. Bókarlok í rúminu minna eimig á að bækur eru gjarnan notaðar til þess að koma börnum í háttinni. Ein bók er lesin fyrir svefninn og þegar söguhefjan er háttuð og sofnuð á barnið sem lesið er fyrir eimig að sofna.

Sérstaða íslenskra myndabóka

Hér á Íslandi er þróun bókmennagreinarmannar á margan hátt langt á eftir nágrannalöndum okkar. Smæð landsins og fæð íbúa á mestan þátt í því. Gerð myndabóka er gífurlega kostnaðarsöm og var enn dýrari hér áður fyrir, en tækniframfarir og nýjungar í prentvinnslu hafa lækkað kostnaðinn umtalsvert nú á síðustu árum. Það hefur því ekki verið fjárhagslega hagkvæmt að ráðast í gerð dýrra myndabóka. Lengst af hafa því aðallega verið á boðstólum fyrir íslensk börn er prentað fyrir útprentaðar í svokölluðu fjölbjóðlegu samþrennti. Þá er prentað fyrir útfendur í mörögum löndum í einu og aðeins skipt um texta og þar með tungumál. Á áttunda áratugnum varð mikil umræða um börn og bækur á Íslandi. Ýmsir vöktu athygli á því að þáttur þýddra bóka fyrir yngstu bömin væri óeðilega stor. Jafnframt þótti athygli vert að þær bækur sem þýddar voru og gefnar út fyrir íslensk börn væru jafnan ekki það besta sem völ var á, heldur oftar ódýrir og nánast verksmíðuframleiddir ír bókaflokkar sem hörfouðu til söfnunararárttu barna og voru auðveldir í markaðssetningu. Stór hluti bestu erlendu myndabókanna, bækur sem prentaðar hafa verið aftur og eftir og teljast klassískar erlendis, hafa aldrei verið þýddar á íslensku. Eftir að umraðan komst á skrið hefur tölverður fjöldi íslenskra myndabóka komið út og árelega bætast við nokkrir titlar. Íslenskar myndabækur eru ákaflega misjafnar að gæðum

og vafalaust má helst kenna um vanbekkingu íslenskra höfunda og myndlistarmanna á bómenntaforminu. Myndabókahöfundar, ólíkt skáldsagnahöfundum, purfa til dæmis ekki að eyða miklu púðri í lýsingar á öllu mögulegu og ómögulegu, myndinnar sjá um það. Þrátt fyrir það falla margir íslenskir myndabókahöfundar, sérstaklega þeir sem eru ekki myndlistarmenn sjálfir, í pá gryfju að lýsa í smáatriðum því sem sést á myndunum. Þetta er einkum áberandi hjá höfendum sem vanari eru að skrifá annars konar texta. Í *Hundakexinu* eftir Einar Má Guðmundsson og Erlu Sigurðardóttur segir á fyrstu opnu: „Þeir [Maggi og Bjössí] voru báðir í úppum en eki með hufur á höfðinu.“ Slik athugasemd opinberar bekkingarleysi höfundar á forminu sem hann er að fást við. Nokkrir afkastamiklir íslenskir myndskreytтарar nýta ser heldur ekki möguleikann á að nota miðilum til tjáningar. Myndir Erlu við *Hundakexið* gera ekkert til þess að tjá tilfimminger og merkingu verksins, svo sem með breyttri birtu, sjónarhorni eða litum. Þær eru eingöngu til skrauts og skýringa á sögunni.

Hugmyndafræði íslenskra myndabóka

Árið 1977 kom út tveggja binda verk eftir Bob Dixon sem hann nefndi *Catching Them Young*. Þar deildi hann á hugmyndafræði ýmissa vín-sælla barnabókahöfunda, s.s. Enid Blyton og fleiri. Hann lagði ríka áherslu á að barnabækur ættu ekki að endurspegla fordómafullt samfélags. Þær ættu að sýna jákvætt þjóðfélag þar sem allir eiga jafna möguleika. Hann fordæmdi fyrirfram ákveðna verkaskiptingu kynjama og sögur þar sem einn kynpáttur er sýndur örðnum æðri. Þá fordæmdi hann barnabækur þar sem ein stétt ríkir á kostnað hinna. Siðjan hefur mikilvainnumið til sínávar. Krafan um pólitískt rétlæti í barnabókum hefur að mati Peter Hollingdale¹ orðið til þess að persónur barnabóka eru orðnar allt að því kynlausar en þó stríkur, kynþáttalausr en þó svartar og stéttalausr en þó úr lágstett.

Hugmyndafræði flestra íslenskra myndabóka er að mínum dómi ásættanleg. Sumar þær eru elstu, eins og verk Muggs, mætti þó rétilega

gagnrýna fyrir bæði kynþáttamisrétti og kvennakúgun, en þau endur-spæglar einfaldlega skoðanir og heimsmynd löngu liðins tíma. Kynþáttafordómar eru sjaldséðir í íslenskum myndabókum, að *Negrastránum frátoldum*. Það er þó fremur vegna hess að persónur af örðrum kynþáttum eru hreinlega fjarverandi en að íslenskir höfundar eru ekki myndlistarmenn sjálfir, í séu svo miklu viðsynni en annað fólk. Hvað varðar stóru kvenna í myndabókum mætti ástandið vera betra. Mæður eru áberandi mikilvænta höfunda. Verra er þó begar höfundar virðast ala á hefðbundinni afstöðu höfunda. Verkaskiptingu kynjanna. Í *Littla skógarbirnium* eftir Illuga Jökulsson og Gunnar Karlsson vinna dýr ýmis störf. Þar sem verkið er fantasía er í raun óeðilegt og jafnvel lýti á sögunni hvað dýrin eru föst í hefðbundinni verkaskiptingu. Karl ðýrin smitaða en kvendýrin elda og skreytar. Pessu hefði svo auðveldlega mátt breyta og það hefði bætt söguna. Einn íslenskur höfundur hefur, að óðrum ólöstuðum, unnið markvisst að því að brjóta niður fordóma og gömul úrelt gildi samfélagsins í lensku myndabækum þar sem aðrir kynþættir en sá hvíti sjást.¹ Í *Sól skín á krakka* sem unnin er í samvinnu við Rauða krossinn og gerist í Afriku sýnir hún fram á að börn eru í eðli sínu alls staðar eins, hvar í heiminum sem þau búa og hvernig sem þau eru á litinn. Í *Tahnakveri*, þar sem Þórarinn Eldjárn ljóðskreytti myndir hemnar, eru börn að leik í íslensku umhverfi á hverri opnu. Eitt barnið er dökkt á hörunum en lista-konan breytir framsetningunni ekki á nokkurn hátt, enda er fullkomlega eðilegt að fólk sé mismunandi á litum þó að það se ekki algengt hér á landi, sérstaklega ekki í barnabókum. Í bók hennar *Kynlegur kvistur á grænni grein* frá 1997 gengur hún enn lengra því Harpa, önnur aðalpersóna verksins, er dökkt á hörunum. Hún er ráðagóð, hugrök og snjöll stelpa sem glímir hetjulega við vanda sögunnar. Söguhejur Sig-²

¹ *Sögurni af hilfumífi* eftir Sjón og Halldór Baldurson og Sálíni hans Jóns míns með myndum Gyifa Gíslasonar sést fólk af örðrum kynþáttum. Það er athyglisvert að í himnarískum myndum beggejá verka eru íbúa hess á alla vegu, en í eldri verkum frá himnaríki, svo sem teikningum Muggs frá 1916 og Ragnhildar Ólafsdóttir frá 1945 hvoru tveggja við kvæði Davið Stefánssonar um *Sálína hans Jóns míns*, voru íbúar þess eingöngu hvífar salir. Íslenskir myndlistarmenn eru grænilegaa að verða meðvit-adrí um umheiminn og þau áhrif sem myndir í bókum geta haft á unga lesendum.

¹ Peter Hollingdale, 1992. „Ideology and the children's Book“ í Peter Hunt (ritstj.). *Literature for Children*. Routledge.

rúnar eru jafnan af báðum kynjum og á hvorugt kynið hallað. Stelpurnar lenda í jafn miklum ævintýrum og strákarnir, en algengt er í barnabókum að stelpurnar séu hlédrægari og haldi sig heima við en strákarnir lendi í ævintýrum. Í verkum Áslaugar Jónsdóttur er það rauðin, þó að varla sé það meðvitað af hálfu höfundarins. Á *bak við húus – vísur Önnu og Fjölleikasyning Ástu* segja báðar frá fremur hversdagslegum atvikum og gerast báðar á eða í nand við heimili söguperóna. Bæði Ásta og Anna eru litlar og góðar stúlkur sem eru ánægðar með líf sitt. Söguhefur *Raunamælda risans* og *Stjormusiglingarinnar – Ævintýris Friðmundar vitavarðar* eru hins vegar báðir karlmenn og gerendur í sögum sínum. Þeir leggjast í ferðalög og sjá heiminn. Bækur Áslaugar eru að mörgu leyti prýðilega unnar, en klisjukenndar karl- og kvennyndir skemma fyrir henni.

Heimur íslenskra barnabókra er yfirleitt furðu íslenskur. Erlendis hefur þróunin orðið sú, í kjölfar þess að bækur eru gefnar út í mörgum löndum í einu til þess að lækka kostnaðinn við útgáfuna, að séreinkenni þjóða eru nánast purkuð út. Japanskar myndabækur og teikningsána oft börn sem eru evrópsk í útilti og allar persónur og myndir sýna oft börn sem eru alvöru að pakka að þróunin hérlendis hefur verið gáfu á Íslandi fyrir alvöru að pakka að þróunin hérlendis hefur verið önnur. Strax á áttunda áratugnum komu fram bækur eins og *Helgi skoðar heiminn* sem hefðu hvergi getað gerst nema hér á landi. Afkastamiklir höfundar eins og Sigrún Eldjárn hafa svo haldið áfram að móta íslenska myndabókautgáfu og skapað ákvæðnar hefðir. Strax í fyrstu bókum Sigrínar, *Allt í plati* og *Eins og í sögu*, má sjá einkenningar. Í *Blómumum á þakinu* nota Ingibjörg Sigurðardóttir og Brian Pilkington sömu tákni, þ.e. burstabænn og Hallgrímskirkjunum fyrir sveni og borg. Gunnrjóna býr í burstabæ, eins og Þjórhildur í bókum Sigrúnar, jafnvel þó allar sögurnar gerist í nútímanum. Klæðnaður persóna Sigrínar er einnig sérlíslenskur. Eldri kvenpersónur eru allajafna í íslenskum búningi, í það minnsta með skothifur, jafnvel hó svo búnar bækur frá framandi þjóðum inni í íslensku flórunni, en allt of lítið er

Þyddar myndabækur

Eins og áður sagði hafa margar frágstu og bestu myndabækur heims ekki enn verið gefnar út á íslensku. Hins vegar er töluvert þýtt af bókum sem ekki hafa mikilþ bókmennalegt gildi og eru nánast verkefniðjuframeiddar. Disney-klúbbur Vöklu-Helgfells gefur út eina bók í mánuði sem send er til áskrifenda en ekki seld á almennum markaði. Þessar bækur eru að mórgu leyti ágætar og geyma oft skemmtilegar og vel skrifanda sögur. Fæst börn fá þó fleiri en eina bók á mánuði og það er leitt ef þær eru allar með svipuðu smiði. Börn hafa svo gott af fjölbreytnimi sem fylgir bókum eftir ólika listamenn. Það er einnig slæmt ef gómul ævintýri og skáldverk eru miskunnarlaust uppfærð á teiknumhverfi verður staðlað. Sögurnar gætu gerst hvar sem er, en gerast í raun hvergi. Það er sennilegat hví duglega fólk sem hóf myndabókautgáfu á Íslandi fyrir alvöru að pakka að þróunin hérlendis hefur engan þyddar af þeimini nauðsyn vegna þess að innlend sköpun hefur enginn fullnægt markaðinum. Þó hefur hlutfall íslenskra bóka vaxið gífurlega og þýðingum að sama skapi fækkað. Margar góðar erlendar tilgangur með þýðingu myndabókra er ekki eingöngu að breiða út fjöldrafraumeitt alþjóðlegt efnu. Hérlandis hafa myndabækur verið þyddar af þeimini nauðsyn vegna þess að innlend sköpun hefur engan barna. Evrópskar og sértaklega sánskar bækur hafa verið mest áberandi, enda standa Svíar framarlega í gerð myndabókóka. Töluvert hefur Sigrúnar, jafnvel þó allar sögurnar gerist í nútímanum. Klæðnaður persóna Sigrínar er einnig sérlíslenskur. Eldri kvenpersónur eru allajafna í íslenskum búningi, í það minnsta með skothifur, jafnvel hó svo búnar bækur frá framandi þjóðum inni í íslensku flórunni, en allt of lítið er

gert af slíku. Myndabækur eru frábært tæki til þess að virkka heimssýn barna og kynna fyrir þeim menningu framandi þjóða.

Íslenskir listamenn sinna ekki öllum lesendum. Aðeins eru til þjárf spjaldabækurnar. Það gefur því auga leið að lunginn úr bókakosti allra yngstu barnanna er erlendur. Það sem borið er á borð fyrir þennan aldurshóp er ákaflega misjant að gæðum en einnig afar erfitt að henda reiður á, því mikil óf bendibókum er úr plasti og selt sem leikföng í leikfangaverslunum og jafnvæl lyfjaverslunum. Í þeim tilfelli um er sjaldnast um þýðingar að ræða, enda er engin þórf á því þar sem síkar bækur eru oftast án orða.

